

Minnisblað vegna fyrirspurnar allsherjarnefndar um rétt Landhelgisgæslunnar til að fara um borð í skip á úthafinu, heimildir fiskveiðistjórnunarnefnda til að stjórna veiðum á úthafinu og rétt til að kalla veiðar kvótalausra og veiðileyfislausra skipa ólöglegar

Í 9. gr. frumvarps til laga um Landhelgisgæslu Íslands er svohljóðandi ákvæði:

Handhafar lögregluvalds í skipum og loftförum Landhelgisgæslu Íslands hafa heimild til að fara um borð í farartæki á sjó eða hafstöð til rannsóknar ef grunur leikur á um lögbrot og til að sinna lögbundnu eftirliti. Þeim er heimilt að vísa farartækjum til hafnar ef nauðsynlegt er til að ljúka rannsókn máls eða til að binda enda á brotastarfsemi. Þeim er jafnframt heimilt að yfirtaka stjórn skips.

Handhafar lögregluvalds í skipum og loftförum Landhelgisgæslu Íslands hafa heimild til að banna stjórnanda farartækis að halda til hafnar ef grunur leikur á um brot gegn lögum um siglingavernd og framkvæma öryggisleit í vistarverum og á farþegum skips.

Ákvæðið er rökstutt með eftirfarandi hætti í greinargerð:

Landhelgisgæslan fer með lögregluvald á hafinu og verður að hafa skýrar heimildir til að fara um borð í skip til rannsóknar ef grunur leikur á um lögbrot eða til að sinna lögbundnu eftirliti, t.d. fiskveiðieftirliti. Einnig til að vísa farartækjum á sjó til hafnar ef nauðsynlegt er til að ljúka rannsókn máls eða binda enda á brotastarfsemi. Í þeim tilgangi getur verið nauðsynlegt fyrir LHG að yfirtaka stjórn skips, þ.e. ef skipstjóri eða annar stjórnandi farartækis á sjó neitar að hlýða fyrirmælum LHG.

Á sama hátt getur verið nauðsynlegt fyrir LHG að hafa heimild til að banna skipi að halda til hafnar, t.d. ef grunur leikur á um ólögmaett athæfi. Þessu svipar til heimilda sem yfirvöld hafa til að takmarka aðgang að flugvöllum og flugvallarsvæðum, umferð um þau og dvöl loftfara á þeim vegna öryggis, sbr. 70. gr. loftferðalaga, nr. 60/1998.

Svar vegna fyrirspurnar Sigurjóns Þórðarsonar alþingismanns fyrir allsherjarnefnd Alþingis:

Eins og ég skildi fyrirspurnina, taldi þingmaðurinn vafa leika á um heimildir Landhelgisgæslunnar til að fara um borð í skip á úthafinu og einnig taldi hann vafa leika á um að fiskveiðistjórnunarnefndirnar NEAFC og NAFO hefðu heimildir til að stjórna veiðum á úthafinu. Þar með léki vafi á hvort heimilt væri að kalla veiðar kvótalausra og veiðileyfislausra skipa sjóræningjaveiðar eða ólöglegar veiðar.

Skoða verður ákvæði 9. gr. frumvarpsins í ljósi annarra ákvæða frumvarpsins. Í 12. gr. þess er svohljóðandi ákvæði:

Landhelgisgæsla Íslands skal virða ákvæði alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að þegar erlend skip eða hafstöðvar eiga í hlut.

Frelsi úthafsins hefur í gegnum aldirnar verið ein af meginreglum þjóðréttarins. Sífellt hefur dregið úr frelsinu á síðustu öld, þ.e. með Hafréttarsamningnum, þar sem 200 sjómílna efnahagslögsaga ríkja var samþykkt og með úthafsveiðisamningnum þar sem ýmsar takmarkanir voru heimilaðar gagnvart óheftum veiðum á úthafinu. Ekki skal rakið hér í hverju þær felast en bent á þessa samninga sem nægilegur meirihluti ríkja staðfesti til að þeir teldust fullgildir.

Vegna takmarkaðrar lögsögu ríkja á úthafinu, þrátt fyrir samtök um fiskveiðistjórnun, geta íslensk eftirlitsskip ekki beitt valdi til að fá að fara um borð í hin svokölluðu sjóræningjaskip á úthafinu. Eina ráðið er að fylgja reglum NEAFC um eftirlit og eftirfylgni gagnvart ríkjum sem ekki eiga aðild að fiskveiðistjórnunarráðinu á svæðinu (NCP-Scheme). Þær reglur er að finna á heimasíðu NEAFC á vefslóðinni: <http://neaafc.org/> í dálkinum Scheme 2006. Landhelgisgæslan fer í einu og

öilu eftir þeim reglum við eftirlit á úthafinu. NEAFC gefur út lista yfir skip sem veiða kvótaiaust og leyfislaust á eftirlitssvæði ráðsins og er hann einnig að finna á heimasíðu NEAFC. Veiðar skipanna eru kallaðar IUU fishing - Illegal, unregulated, unreported fishing og er barist gegn slíkum veiðum á úthafinu bæði á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðinefnda og á vegum Matvælastofnunar Sameinuðu Þjóðanna (FAO).

Sjá nánari umfjöllun um stefnu Íslands í málefnum úthafsins í 6. tbl. 2. árgangi Djúpsins sem sjávarútvegsráðuneytið gefur út en það má finna á vefslóðinni:
http://sjr.stjr.is/media/Djupid2005/6_tbl_2005.pdf.pdf

Heimildir Landhelgisgæslunnar til að fara um borð í erlend skip til eftirlits innan efnahagslögsögunnar byggjast m.a. á lögum nr. 22/1998 um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, 7. gr. og reglugerða settra á grundvelli þeirra og laga nr. 50/2004 um siglingavernd.

Heimildir til að fara um borð í íslensk skip til rannsóknar byggjast m.a. á:
lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands
lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða
lögum nr. 47/2003 um eftirlit með skipum, sjá m.a. 15. gr.
lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, sjá m.a. 15. gr.
lögum nr. 50/2004 um siglingavernd, sjá m.a. 4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði á stangli í ýmsum lögum og reglugerðum um heimildir Landhelgisgæslunnar til eftirlits í efnahagslögsögunni þykir nauðsynlegt að hafa sérstakt ákvæði um heimild til að fara um borð í skip í lögum um Landhelgisgæsluna enda getur Landhelgisgæslan ekki sinnt löggæslu og eftirliti almennt nema hafa slíka heimild. Eins og áður sagði er ekki gengið lengra gagnvart erlendum skipum en alþjóðasamningar og þjóðaréttur heimilar.

Dagmar Sigurðardóttir
lögfræðingur/upplýsingafulltrúi
Landhelgisgæsla Íslands